

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Sent rafrænt á nefndasvid@althing.is

Norðurlandi vestra, 26. janúar 2021

Efni: Umsögn stjórnar SSNV um frumvarp til laga um hálandisþjóðgarð, 369. mál.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um frumvarp til laga um hálandisþjóðgarð, 369. mál.

Stjórn SSNV tekur undir sameiginlega [umsögn Húnavatnshrepps, Húnaþings vestra, Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps frá 21. janúar sl.](#) þar fram kemur meginafstaða sveitarfélaganna og lagst er gegn samþykkt frumvarpsins. Þar kemur m.a. fram:

- Löggjöf um hálandisþjóðgarð án skilyrðislausrar kröfu um samþykki hvers og eins sveitarfélags sem land þjóðgarðs nær til er óboðleg.
- Sveitarfélögin leggja áherslu á náttúruvernd og eru alltaf tilbúin til að fjalla um afmörkun svæða sem ástæða er til sérstakrar friðlýsingar á. Núverandi staða þjóðlenda tryggir almennt náttúruvernd, sjálfbærni og samræmi í ákvarðanatöku á hálendinu á grundvelli landskipulags, aðalskipulags, eigendastefnu ríkisins vegna þjóðlenda og ákvæða náttúruverndarlaga.
- Aðkoma lýðræðislega kjörinna fulltrúa þjóðarinnar að málefnum hálandis er nú tryggð með lögbundnu hlutverki forsætisráðuneytisins og sveitarstjórna um ráðstöfun þjóðlenda og Alþingis vegna landskipulagsstefnu og annarrar áætlanagerðar á landsvísu.
- Hugmyndir um mörk hálandisþjóðgarðs tengjast ekki náttúrufari sérstaklega. Málið birtist sem krafa um yfirráð og stofnanavæðingu án tillits til kosta núverandi valddreifingar og samábyrgðar stjórnvalda ríkis og nærsamfélags. Hálandisþjóðgarður mun færa ákvarðanatöku frá forsætisráðuneyti og sveitarfélögum og koma í veg fyrir að lagt verði mat á hagsmuni lands og þjóðar á víðtækum grunni.

Ofangreint tilkynnist hér með.

F. h. stjórnar SSNV,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir,
framkvæmdastjóri.